


Gert 16 júlí 2015

# Æfing skapara meistara.

Í samantekt Konráðs Rúnars Friðfinnssonar.  
Ljósmyndir, nema hún af höfundi, eru ekki eign hans



**A**llir vita að hæfileiki fólks til verka er misjafn sem og að fólk rækti hæfileika sem það hefur. Of margt fólk gerir lítt og ekkert með þetta atrið sem þó gæti gefið því svo mikið og blessað fjölda fólks. Líklega er þetta af þeirri ástæðu hve erfitt það getur verið að komast í almennilegt samband við hæfileika sína þó maðurinn sjálfur viti að búi í sér.

Að menn stígi ekki út í sína hæfileika, er auðvitað margskonar ástæður fyrir. Eitt er ónógt sjálfstraust. Annað má líka nefna hérað mönnum, mörgum af þeim, ói við vinnunni sem



Flygill.



Klassískur gítar.



Hammond Orgel.

hæfileikin kallar á þó þeir viti um hann þarna og sumpart brenni í þeim.

Að byrja svona vinnu í grunnin hafandi skerta sjálfsmynd lofar ekki góðu um framhaldið með þá vissu að framundan sé jafnvel ströng þjálfun, miklar æfingarnar, slatti af aga og stundvísi, sem maðurinn kannski hefur aldrei vanið sig á né viljað vera í sjálfur. Og svo hitt sem ekki má gleyma. Öll leiðinlegu byrjunaratriðum sem þarf fyrst að yfirvinna og komast í gegnum áður en nokkuð gerist og er oft þrautin þyngsta sem fólki mætir og fær marga til að hopa áður en látið er reyna á neitt. Þetta skírir ágætlega hví svo margir hrökklist úr námi að dæmi sé tekið sem allt í þeim sjálfum segi að innistæða sé fyrir. Skert sjálfsmynd er stærri partur í öllu svona en margur hyggur. Og svo hitt! Einnig sannleikur. Flestir vilja sjá árangur strax þó allt svoleiðis sé fjarri neinum raunveruleika. Allt hefst með vinunni sem verkið krefur. Vinnan við viðfangsefnið er allt atriðið.

Ástæða þess að árangur er ekki sá sem vænst var er flestu fólki svo sem ágætlega kunn. Hér kemst reynsla hinna sem á undan fóru vel til skila og alltaf gott að leita í hana þegar svona mál eru könnuð. Fólk með reynslu af sama þekkir bardagann sem upp kemur til að byrja með en náði sjálfstökum á verkefninu og sínir í dag vissan árangur. Þetta fólk er í stakk búið að gefa öðrum góð ráð. Eftir þeim þarf þó að leita. Það er að segja séu menn hikandi. Sem ekki er sjálfgefið að sé en getur samt vel verið. Allur gangur er á. Allt er þetta spurning um afstöðu til verkefnisins sem krefur manneskjuna síns tíma og ekkert minna heldur en það. Ekkert gerist vilji neminn ekki halda streðinu og baslinu áfram náminu samfara og gæti hæglega orðið sinn útgangspunktur. Þess vegna er gott að leita til reynslunnar, vilji menn kynna sér málið betur. Reynslan þekkir væntingarnar og álagið sem verður áður en nokkur árangur byrjar að skila sér í hús. Svo kemur rúsinan í pylsuendanum! Þetta kemur allt. og Dropinn holar steininn. Hér er vonin. Og hún má ekki slokna á þessari vegferð sem heitir: "Lærdómur." Allt svona er nemandanum mikilvæg hugsun sem horfir á núíð, streð dagsins, kennslustundarinnar, og svo árangursins sem birtast mun í framtíðinni. Akkúrat þar á allur árangur alls erfiðis heima og mögulega verðlaunapeningarnir sem lærdómurinn og reynslan gefur. Allt til komið af streðinu, úthaldinu og hugduninni "Að láta sig hafa það." Erfiðið er sem sagt ekki alltaf til einskis. Og örugglega ekki þegar menn vita út í hvað þeir séu að fara.

Allt sem ná skal árangri í byggir á því grundvalalatriði að gera verk sem þarf þegar það þarf. Kemur engum á óvart og engin ný sannindi sögð hér. En þarna kreppir skóinn oft.



Mynd Geir Hallsteinsson veitir bikarnum móttöku eftir að hafa verið kosinn íþróttamaður ársins 1968.

Geir Hallsteinsson var lengi kenndur við FH í Hafnarfirði og er sumpart ennþá. Hann var einn okkar allra snjallasti handknattleiksmaður í eina tíð sem margir líta enn mjög til og boltafimi og tækni sem hann hafði, sem þótti einstök. Eitt sinn var Geir spurður í hverju færni hans með knöttinn fælist. Svar hans var stutt og laggott: "Með þeirri aðferð að æfa mig helmingi meira en allir aðrir gera." Hann vissi í hverju velgegni fælist og var tilbúin til að leggja á sig allt sem þurfti.

Árangurinn lét ekki á sér standa. 1968 var Geir kosinn íþróttamaður ársins af samtökum íþróttafréttamanna, stofnuð 1956. Vart er til sú manneskja, sem á annað borð fylgist með og

metur íþróttir og þekkir eilítið sögu þá, sem ekki á sinn hátt metur og ber virðingu fyrir Geir Hallsteinssyni.

Sama hvernig menn líta þessi mál verður ekki framhjá því horft að allur árangur helst í hendur við vinnu þá sem menn leggja á sig. Vinna var það heillin og örlítið meiri vinna, er málið. Svona eru býttin fyrir árangurinn. Aðra leið en þessa höfum við því miður ekki. Letinni er engin friður búin og fær hvergi nokkur staðar frið og er allstaðar rekin á fætur og við hana sagt: " Letiblóð! Farðu að vinna. "



Hér sjáum við mikilvægi þess að vita sjálfur hvað maður vill og vera viss um að hæfileikar liggja þar sem maður hyggst leggja stund á og sækja um í þessum og hinum skólanum sem standa okkur til boða að sækja um í. Sé fólk ekki vist og hikandi má búast við að lærdómurinn sé tíma- og peningaeyðsla. Málið er að verja tíma sínum vel.

Sumir læra til smíðs en hafa ekki sérlega mikla hæfileika til slíkrar vinnu né áhuga í sjálfu sér en telja samt rétt að fara með sig sjálfa þangað. Og eru auðvitað með eigin framtíð í huga. Ekki svo að skilja að þeir geti ekki orðið þokkalegir smiðir. En vegna þess að hæfileikin liggur í öðru eru miklar líkur á að þeir endist illa í smíðavinnunni og séu ekki sérlega hamingjusamir þar. Þessi, sem lærði til smíðs, segjum það, hefði kannski orðið hreint frábær músikkant og sómt sér best á þeim vettvangi stefndi hann lífi sínu þangað. Í hverju liggur talentan? er því spurningin. Og hitt! Menn eiga að vera góðir í því sem þeir gera og sjálfir ekki sætta sig við neitt annað. Hæfileiki fólks er þarna. Það er ekki spurningin. En hvar og í hverju þá? - er það sem eftir situr og krefst síns svars.

Talentur manna eru og gildir sama lögmál um þær allar. Sem er að allir verði að glíma við erfiðleika og basl við að fatta hvernig í öllu liggja sem og að glíma við skilningskort af ýmsum sortum og gerðum til að byrja með áður en " fattarinn fer af stað " og þeir segja: " Já, svona er þetta gert. " Og hafa þá unnið hálfan sigur. Allt ber að sama brunni. Þolinmæði - og - vinna og hugsun um að þetta komi allt.

Gítarleikarinn, og aðrir sem taka fram hljóðfæri til að læra á, þekkja glímuna og öll leiðindin sem koma á undan og áður en í nokkurn árangur næst. Þekkja glímuna við fingurna sem neita að hlýða og eiga í vandræðum með að vera á réttum stað á hálsinum og gítarstrengnum og þar staðsettum að fingurinn snerti ekki næsta streng fyrir ofan eða neðan og eyðileggi hljóminn. Vita að til að ná réttum hljómi þarf hann að gera það sem gera þarf rétt. Lærir smá saman á mikilvægi réttar fingrasetningar, eins og kennarinn ítrekaði ítrekaði við hann. Þekkir brasið við að tileinka sér alla þessa tækni sem aðrir, til að mynda kennarinn, gerir svo leikandi létt og ekkert vandamál, að séð verður. Þarna er gott að vita að eitt sinn sat kennarinn sjálfur í sama stól og nemandi og átti í nákvæmlega sama basli. Ekkert er nýtt undir sólinni. Þrátt fyrir að allt sé ofurþungt og stirt - og - afspyrnu leiðinlegt - er leiðbeining kennarans nauðsýnlegt grunnatriði upp á allt framhald. Hún verður að vera með og fá að ráða för.

Annað hér sem einnig er gott að hugleiða. Kennsluaðferðin sem kennarinn notar er þrautreynd leið sem allir sem náð hafa árangri hafa beygt sig undir og nota sem grunn fyrir sig. Þetta er gott að hafa bak við eyrað fyrir fólk sem vill leggja stund á hljóðfæraleik og læra

á hitt og þetta hljóðfærið og muna - að aðferðin við sjálfa kennsluna er þrautreynd leið og því óhætt að fylgja leiðsögn þaðan. Þær eru málið, sem og að þekkja grunnatriðin vel. Þar kemur til kasta kennarans. Þið vitið! Honum með bendandi fingurinn. Til góðs. Munum það.

Engin skemmri skírn er til þarna fremur en neinum öðrum stað þar sem árangurs er vænst. Engin nemandi kemst framhjá því að sína verkefnum þolinmæði sem og að þurfa að tileinka sér allskonar atriði áður en eitthvað bitastætt fer að gerast og hljóðmarnir frá hljóðfærinu að



hljóma eins og vera ber og nemandinn vill að gerist. Þegar þetta er í höfn verður kennarinn afskaplega glaður og smá stoltur yfir sínum nemanda sem sjálfur brosir nú út að eyrum og kominn með smá tók. Nemandanum tókst að stíga nýtt skref í lærdómnum sem breytti öllu og fékk kennarann til að brosa yfir sínum duglega nemanda. Svona talar reynslan. Hún veit ýmislegt sem byrjandinn veit hvorki haus né sporð á

það sem of margir nemendur í hljóðfæraleik flaksa á er úthaldið og æfingar sem of margir af þeim sinna með hangandi hendi jafn mikilvægar og þær í grunninn eru. Vegna ónógra æfinga verður árangur slakur og áhuginn á að halda náminu áfram dvínar. Úthaldið og þrautseigjan með æfingunum gefur góða undirstöðu og eru hjálplegar manneskjunni sem ætlar sér árangur af sinni, segjum, gítarkennslu.

Sannleikurinn er að ekkert hljóðfæri, hversu fallett sem það er, fær gefið nokkurri manneskju neina alvöru ánægju né hljóm fyrr heldur en hún nær tókum. Fram að þeim tíma er verkið, og námið, tóm pína og kvöl og gleðin sem vonast er til situr pínleg út í horni með einkennilegan svip en þó bíðandi og vonandi að í sig verði hóað sem fyrst af einbeittum námsmanninum sem situr á stól á miðju gólfi orðin sveittur á enninu með hljóðfærið í fanginu og tungubroddinn út um hægra mannvik í sinni einbeitingu enn árangur ennþá ekki orðin eins og hjá kennaranum og súperstjörnunni sem viðkomandi hlustar reglulega á í græjunum sínum heima. Samt er gleðin þarna enn og bíðandi eftir sínu hói frá honum sem situr þarna í stólum til að fá breytt þungu og þreyttu andrúmi yfir í örlítið léttara andrúm. Þetta gengur stirðlega að kalla fram og gerist heldur ekki nema árangur náist fyrst.

Hið gleðilega hér er að enn er haldið áfram og endurtekningarnar gerðar út í eitt þó svo sé komið að kennaranum sjálfum sé hætt að lítast á blikuna en er samt ósköp glaður með að nemandinn ætli samt að þrauka og reyna til hins ýtrasta. " Réttur andi " - hugsar kennarapjakkurinn með sjálfum sér og horfir yfir til nemandans með pínulítilli aðdáun sem í sínum endalausum endurtekningum streðar við sitt og kominn með svolítinn árangur en feilar þó enn á sama stað í æfingaverkefnum sem hann fékk og kennarinn viti að enn sé talsvert langt í land hjá kauða. Allt saman vel þekkt í tónlistarskóla stofunni. Já, við erum að tala um úthald hjá fólki.

Engin verður það sem hugur hans stefnir til nema leggja á sig alla þá byrjendavinnu sem þarf og allir hafa gengið í gegnum sama á hvaða stað þeir séu í dag.



Besti gítaraleikari allra tíma, hver sem hann svo er, var að öllum líkindum í sömu sporum og nemandinn okkar er hann mætti í fyrsta skipti í tímann hjá kennaranum sínum með rauða kassagítarinn sinn á bakinu sem hann nýverið hafði eignast og sló strengi hljóðfærisins í fyrsta skipti á og heyrði hljóminn eftir að hafa sjálfur rennt fingrunum niður eftir strengjunum. En þetta eitt og sér gerir ekki nokkur mann að besta gítarleikar veraldarsögunnar, þó mögulegt sé að sagan á síðari stigum setji hann í þann flokk. Með þjálfuninni, reynslunni og verkinu sjálfu er hægt að gera sér eilítlar vonir um verðlaun og heiðurspening. Ekki á undan.



Nú hefur nemandinn okkar vaxið ásmegin og er farin að stjórna hljóðfærinu sjálfur og þekkja betur inn á hvernig allt virkar og puttarnir ekki lengur að þvælast fyrir heldur þrýsta á streng þar sem hann á að vera og gefur rétt grip og réttan hljóm sem tóneyrað orðið nemur og heyrir undireins þegar hljómurinn er ekki eins og vera skal. Allt þjálfunatriði sem kom af því einu að hafa fengið sinn tíma til að virka og þroskast. Ekkert er án fyrirhafnar. Gullkornið hér er að árangur náðist. Allur svitinn, vonbrigðin og svekkelsið eru að baki verið skipt út fyrir nokkrum árangri hjá nemandanum okkar.



Nú hefur hljóðfærið sjálft ekki lengur öll völd heldur sá sem á því heldur.

Áhuginn, vinnan og eljan breytti öllu hjá nemandanum sem orðið hefur töluverða ánægju út úr því að leika á sitt hljóðfæri og finnur hvernig tókin verða æ betri.


Áhuginn eins og margir vita er mikið afl í lífi manna og kvenna og kennir fólki margt og ýtir

þangað sem að er stefnt. Áhuginn er viss eldur í sem af fæðist þolinmæði sem þó vill alltaf hlaupa út en getur ekki vegna merkilegs áhugans sem hélt öllu kyrru og á sínum stað. Og þrautseigjan skarst í leikinn og lagði tónlistarkennslunni lið og var hjálpleg við að ná fram árangri sem allt hjá nemandanum vitaskuld snérist um frá byrjun og hann nú þegar hefur lítillga uppskorið. Of margir hafa ekki nægjanlegt úthald og hurfu frá áður en uppskeran komst öll í hús og eyðilagðist því. Þetta fólk vildi fara léttu leiðina sem reynslan hefði getað sagt því að væri ekki í boði. En hún var aldrei spurð: " Með því að æfa mig helmingi meira en allir aðrir gera "- sagði Geir Hallsteinsson á sínum tíma, svo orð hans sé endurtekin. Frábær hvatning.



# Þeir bestu æfðu sig

Georg Harrison er Enskur maður sem var með frá byrjun í hljómsveit sem flestir vita hver sé. 1960 fór þessi sveit frá Liverpool í Englandi til Hamborgar í Þýskalandi til að leika þar á dimmum og skítugum börum í hverfi einu þar í borg sem menn kölluðu ekki allt ömmu sína í og allskonar líferni viðgekkst og efni mörg notuð til að koma mönnum í vímu, sem var partur af lífinu sem fólkið í þessar Þýsku borg lifði. Þarna störfuðu þessir ungu Ensku menn til ársins 1962 og fengu afbragðs góðan skóla sem líklega gerði þá að því sem þeir síðar urðu. Að The Beatles sem heimurinn tók svo hressilega á móti að enn er í minnum haft. Menn vita að John Lennon stofnaði hljómsveitina The Quarrymen. Stuart Sutcliffe stakk upp á nafninu Beatles sem svo varð að The Beatles eins og hljómsveitin undir og hvert mannsbarn hefur heyrt oft en einu sinni og tvisvar.



The Beatles var eins og mörgum er kunnugt var stofnuð með formlegum hætti árið 1960 og þremur árum áður en fyrsta verk hljómsveitarinnar leit dagsins ljós og er hljómplatan " Please Please Me 1963. " Þarna hófst Bítladansinn margfrægi sem á sinn hátt enn í dag er dansaður. Verið er að gefa út eitt þúsund blaðsíðna bók með helling af ljósmyndum um feril hljómsveitarinnar og skilst höfundur að bókina súa verði í þrem bindum og að búið sé að þýða fyrsta bindið yfir á íslenska tungu og komi í sölu í haust. Gaman verður að lesa þessa bók og áreiðanlega margt nýtt sem þar kemur fram. Nóg um það.

Einn gítarleikari þeirra merku hljómsveitar heitir Georg Harrison. Er Georg var 13 ára gamall eignaðist hann sinn fyrsta gítar sem vinur föður hans kenndi honum undirstöðuatriðin á. Líklegt er, reyndar mjög sennilegt, að Georg hafi eins og aðrir byrjendur í hljóðfæraleik líka glímt sína glímu áður en hann fór að sjá árangur erfiðisins og að ná tókum á gítarnum. Menn vita að æfingin skapar meistarann.

Hvort George sé af tónlistarfólki kominn þekkir höfundur ekki. Faðir hans ók strætó en átti vin sem kunnir allavega nógu mikið á gítar til að geta sýnt syni sínum grunnatriði gítarleiks. Faðir Sir Paul McCartney lék á píanó og starfaði í danshljómsveit, muni höfundur rétt. Móðir John Lennon lék á mandólín og er líklega súa sem kom honum á sporið hvað músík áhrærir. Allt rekur þetta sig þegar eftir er leitað.



Mynd til vinstri. Í þessu húsi fæddist trommari The Beatles Ringo Starr og er það staðsett í Madryn Street, Dyngle, Liverpool og greinilega ekki búið í því er myndin er tekin. Hver sem staðan er í dag.

Hver saga Ringo Starr sé hvað varðar tónlistarhæfileika foreldra hans þekkir höfundur ekki. En áður en Ringo gekk til liðs við Bítlanna spilaði hann með vinsælli hljómsveit að nafni " Rory Storm And The Hurricanes. " en hætti þar 1962 og gekk til liðs við The Beatles.

Kaiserkeller er staður í Hamborg sem The Beatles léku á 31 júlí 1960 og aftur 30 nóvember 1960, sem hefur þá verið rétt eftir eða alltént á sama ári og þeir fyrst komu þangað. Mikið vatn runnið til sjávar frá þessum tíma að telja.

Sagan segir að George Harrison hafi verið duglegur að æfa sig á gítarinn og legið lengi við til að ná réttu sambandi við hljóðfærið. Heimsbyggð öll veit hvert framhaldið varð og hefur dáðst í áratugi að gítarleik hans og framlagi á plötum The Beatles og á öðrum stöðum sem hann kom fram á.



Fullyrða má að Georg Harrison sé afskaplega góður gítarleikari og má heyra fegurðina sem frá hljóðfærinu berst í hans höndum í sumum gítarsólum sem eru á plötum kappanna og hann setur fram með sínum sérstaka og góða hætti. Eitt dæmi um þetta atriði er að finna á plötu The Beatles " A Hard Day's Night " sem út kom árið 1964 og lögin af eru leikin í kvikmyndinni um Bítlanna með sama nafni. Söngurinn sem hér er bent á heitir "And I Love Her"- svona til að leifa lesandanum að sannfærast með höfundu um snilld George með gítarinn og hve gott vald hann náði á hljóðfærinu. Og er það spilaði kaflin sem þar er og fer ekki framhjá neinum sem hlustar.

Svona gerir æfingin fyrir menn. Hún eykur helling við getuna og vex eftir því sem á líður og notkunin verður meiri. Með þessum hætti næst betra vald og menn verða æ færari um að brydda upp á ýmsu í sinni spilamennsku sem útilokað væri lægi ekki ákveðin grunnvinna að baki sem úthaldið og dugnaðurinn krafði fólkið um og þeir sinntu og létu sig hafa að fara út í. Með öðrum orðum - voru tilbúnir að stökkva út í djúpu laugina. Málið með þann laugarbakka er að við hann stoppa margir. Menn hoppa út í vegna þess að þeir vilja ekki gefast upp heldur takast á við nýjar áskoranir. Hvort Georg samdi þennan part lagsins "And I Love Her" sjálfur eða hvernig það mál er vaxið þekkir höfundur ekki en veit að stundum eiga hljóðfæraleikarnir sjálfir sólókaflanna sem þeir spila, án þess þó að þess sé sérstaklega getið á plötumaslagi. Allur gangur er þó sjálfsagt á.

George, sem sagt, æfði sig, gekk í gegnum sinn svita og tár og máski oftsinnis verið komin að því að hætta við allt saman og snúa sér að öðrum verkefnum en lét ekki undan freistingunni og náði æ betri tókum eftir því sem tíminn með gítarinn óx. Og loks kom að þeim tímamarki að gítarinn byrjaði að veita piltinum gleði og ánægju og hann kominn með meiri spilagetu sem hægt var að þróa og jafnvel búa til sinn eigin sérstaka gítarhljóm. Þó þetta hafi ekki kviknað strax að þá má samt heyra að svo var komið á sumum Bítlaplötum, sem Georg, einn Bítla, virðist hafa þróað með sér.



Hjómar frá Keflavík árið 1964. Gunnar Þórðarson er annar frá vinstri.

Að gítarleikari þrói sinn eigin gítarhljóm er ekki óþekkt og má benda á snillinga á borð við Eric Clapton, Mark Knopfler úr Dire Straits, David Gilmour úr Pink Floyd og fjöldann allan af öðrum köppum og líka hér uppi á Íslandi, eins og Gunnar Þórðarson, svona til að nefna einhvern af íslensku bergi brotinn. Fleiri íslenska gítarista mætti með góðri samvisku geta um í þessu samhengi sem fyllilega stæðu undir nafni.

Mynd til hægri. Georg æfir sig á gítarinn og líklega byrjaður að ná á honum tókum er ljósmyndin var tekin. Hann eignaðist sinn fyrsta kassagítar þrettán ára.

Hvenær það sérstaka ferli hjá Georg hófst að þróa eigin gítarhljóm, er ekki gott að segja en hann er þarna með á allavega nýrri plötum The Beatles en heyrst ekki á fyrstu hljómplötum bandsins.

Tóninn sem hann náði gaf honum sem gítarleikara sérstöðu í The Beatles. Eftir að hans sérstaki gítarstíll fór að heyrast þá vissu menn að þarna væri Georg á ferð. Svona gerist hjá fólki sem sætir sig ekki við stöðnun af neinum toga og er skemmtilegi hluti prógrammsins.



Ekkert þessu tengt fær þó gerst nema menn haldi áfram og gangi í gegnum sína erfiðleika sem allir verða að þola sem hefja svona ferð með árangur í huga. Ekkert í lífinu er fyrirhafnarlaust. Hitt er rétt að nemar séu mis fljótir að ná tókum og árangri og að verkefnið liggja misjafnlega vel fyrir fólki. Samt þurf allir sinn grunn til að vinna út frá.

Mann alltaf hvað mér fannst þessi frétt um að Georg Harrison hafi þurft að glíma við gítarinn sinn og átt um tíma í talsverðu basli með að ná á honum tókum hve mikil áhrif fregnin hafði á höfund og vakti til umhugsunar um að allt sem menn gera og hve langt sem þeir ná í þessu og hinu að allt hefur þetta sitt upphaf og að allir, hver sem er, þarf að glíma víska glímu við sína eigin byrjunarerfiðleika með engar hjáleidir sem hægt sé að flýta ferlinu, sama hver í hlut á. Í sumu eru menn alveg jafnir.

Eina sem gerir þá að því sem þeir svo urðu var að þeir gáfust ekki upp heldur sigruðu. Sjáum til að mynda Bítlanna sjálfa. Þeir sem hljómsveit mynda eina heild saman og hljóma á sérstakan hátt og gerðu strax í upphafi. Hér telur höfundur að viss hugsun liggja til grundvallar sem menn urðu ásáttir um að fara og líka gerðu. Þetta heyrum við á hljómplötunum, og auðvitað ýtir öllum pælingum fólks út um að aðrir en þeir sjálfir hafi gert þá að því sem þeir að endingu urðu. Að fá hjálp við verk er annað. Það var eigin dugnaður og elja sem kom þeim í það heiðursæti sem þeir í dag skipa.

Færni fæst með vinnunni og meira af henni heldur en minna. Ekki meðfætt heldur kemur með tímanum. Ekkert í veröldinni er sjálfgefið. Gott að svona komi fram þegar þessar stórstjörnur eiga í hlut sem margir horfa til og er um leið sín hvatning til þessara einstaklinga sem eru með gítarinn í fanginu og í basli með að ná tókum að horfa þá til þessara manna og vita að eitt sinn voru þeir sjálfir á sama stað. Og halda svo áfram.





Mynd til vinstri. Gítarinn telur höfundur að sé eign Georg Harrison.

Á svona bassa lék Sir Paul McCartney á meðan hann enn starfaði með The Beatles, og gerir reyndar enn á tónleikaferðum sínum.



Gítar eins og John Lennon spilaði á upp á þaki Apple- byggingarinnar 1969 og frægt varð.



Hver kannast ekki við trommusettið og veit hverjum það tilheyrir. Ringo Starr og er enn á fleygiferð um heiminn með tónleika og að gefa út hljómplötur með frumsömdu efni.



Gert 16 júlí 2015  
Sett inn til gamans og vonandi líka fróðleiks.  
Kveðja KRF.